

Víðtæk eignatrygging

Vátryggingarskilmáli nr. E-9

Í skilmála þessum þýðir hugtakið félagið Vörð tryggingar hf.

- 1.gr. Hið vátryggða**
Vátrygging þessi tekur til muna, sem eru skráðir á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 2. gr. Hvar gildir vátryggingin? Hver er vátryggður ?**
 - 2.1 Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
 - 2.2 Vátryggður er eigandi þeirra muna sem tilteknir eru skv. 1. gr.
- 3. gr. Hvaða tjón bætir vátryggingin?**
Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, notkun eða geymslu á vátryggingartímabilinu.
- 4. gr. Undanþágur frá bótasviði**
 - 4.1 Vátryggingin bætir ekki tjón sem orsakast af snöggum hita og/eða rakabreytingum.
 - 4.2 Vátryggingin bætir ekki tjón sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi, innri bilunum svo sem vélrænum bilunum.
 - 4.3 Vátryggingin bætir ekki tjón sem verður er vátryggður gleymir hlut eða tynir hlut.
- 5.gr. Varúðarreglur**
 - 5.1 **Vátryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hins vátryggða hlutar. Vátryggðum ber að læsa tryggilega hýbýlum, bifreiðum, bátum, loftförum og öðrum sambærilegum geymslustöðum þegar þessir staðir eru mannlausir og/eða án eftirlits og sjá til þess á allan hátt að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu vátryggða.**
 - 5.2 **Vátryggður, heimilisfólk hans eða starfsmenn skulu fara með vörslur og umsjón hins vátryggða. Sé hið vátryggða afhent öðrum til vörslu eða umsjónar ber að fá samþykki félagsins fyrir því.**
- 6. gr. Vátryggingafjárhæðir**
Vátryggingafjárhæðir koma fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7. gr. Eigin áhætta vátryggðs**
Í hverju tjóni ber vátryggður í eigin áhættu 10% af fjárhæð tjónsins en þó eigi lægri fjárhæð en fram kemur á vátryggingarskírteini eða á endurnýjunarkvittun.
- 8. gr. Verðtrygging**
Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.
- 9. gr. Tilvísun til annarra skilmála**
Að öðru leyti en því sem í þessum skilmála greinir, gildir um vátryggingu þessa skilmáli félagsins um brunatryggingu lausafjár nr. E-3

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006.